BARNAVERNDARSTOFA

# Samanburður á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda og fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu þremur mánuðum áranna 2016 - 2018

**2018**

Í þessari samantekt er að finna samanburð á fjölda tilkynninga til barnaverndarnefnda skv. sískráningu nefndanna á fyrstu þremur mánuðum áranna 2016, 2017 og 2018. Endanlegar upplýsingar um fjölda tilkynninga koma fram í samtölublöðum barnaverndarnefndanna sem birtast í ársskýrslu Barnaverndarstofu. Einnig er hér að finna upplýsingar um fjölda umsókna um þjónustu til Barnaverndarstofu á fyrstu þremur mánuðum áranna 2016, 2017 og 2018.

**Tilkynningar til barnaverndarnefnda**

Tilkynningum til barnaverndarnefnda fækkaði um 2,2% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 miðað við sama tímabil árið á undan. Hins vegar fjölgar tilkynningum um 14,9% ef miðað er við fyrstu þrjá mánuði ársins 2016. Fjöldi tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 var 2.511 tilkynningar, en 2.567 á sama tímabili árið á undan. Tilkynningum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 um 0,2%, en á landsbyggðinni fækkaði tilkynningum um 6,6% ef miðað er við sama tímabil árið á undan. Þess ber að geta að tilkynning til barnaverndarnefndar verður að barnaverndarmáli ef tekin er ákvörðun um könnun máls í kjölfar tilkynningarinnar.

Flestar tilkynningar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 voru vegna vanrækslu eða 41,8% tilkynninga. Hlutfall tilkynningar fyrir sama tímabil árið 2017 vegna vanrækslu var 39,4% og 38,1% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016. Hlutfall tilkynninga vegna ofbeldis var 26,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018, 27,0% fyrir sama tímabil árið undan og 28,9% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016. Hlutfall tilkynninga vegna áhættuhegðunar barna var 30,8% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018, 32,6% fyrir sama tímabil árið á undan og 32,0% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016. Hlutfall tilkynninga þar sem að heilsu eða lífi ófædds barns var stefnt í hættu var um 1% öll tímabilin.

Hlutfall tilkynninga þar sem tilkynnt var um vanrækslu og fram kom að foreldrar voru í áfengis-og/eða fíkniefnaneyslu var 13,7% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018, 11,6% fyrir sama tímabil árið á undan og 10,0% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016. En í tilkynningum um ofbeldi var hlutfall tilkynninga þar sem um heimilisofbeldi var að ræða 7,9% á fyrstu þremur mánuðum árinu 2018, 7,5% á sama tímabili árið á undan og 8,1% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016.

Flestar tilkynningar bárust frá lögreglu, eða 39,7% tilkynninga á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018, hlutfallið var 42,5% á sama tímabili árið á undan og 41,9% á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016.

Samanlagður fjöldi barna sem tilkynnt var um á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 var 1.982 börn, en sambærileg tala fyrir árið á undan var 2.055 börn og 1.847 börn á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016. Þess ber að geta að tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt var um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

**Umsóknir til Barnaverndarstofu**

Umsóknum um meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu fjölgaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 úr 42 umsóknum í 46 umsóknir miðað við sama tímabil árið á undan. Umsóknir voru 41 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016. Umsóknir um Stuðla voru 8 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 og fækkaði miðað við sama tímabil árin á undan. Umsóknir um önnur meðferðarheimili (Laugaland,

Lækjarbakka og Háholt) voru 7 á á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018, sami fjöldi og árið áður. Umsóknum um MST fjölgaði úr 24 í 31 umsókn á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 miðað við sama tímabil árið á undan. Fjölkerfameðferð (MST) snýr að fjölskyldum unglinga með fjölþættan hegðunarvanda sem kominn er á það alvarlegt stig að vistun unglings utan heimilis er talin koma til greina. Markhópurinn eru unglingar á aldrinum 12-18 ára og fer meðferðin fram á heimilum fólks. Frá því í febrúar 2015 hefur þjónusta MST náð til alls landsins, en áður var þjónustusvæðið miðað við 60 min. akstursfjarlægð frá Reykjavík. Fleiri umsóknir um meðferð bárust fyrir drengi en stúlkur öll árin.

Beiðnum til Barnaverndarstofu um fósturheimili fækkaði á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 úr 49 beiðnum í 36 miðað við sama tímabil árið á undan. Beiðnir um fósturheimili voru 36 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016. Beiðnum um tímabundið fóstur fækkaði mest. Beiðnum frá Reykjavík og frá landsbyggðinni fækkaði á árinu 2018 miðað við árið á undan, en fjölgaði frá nágrenni Reykjavíkur. Fleiri beiðnir bárust fyrir drengi en stúlkur.

Rannsóknarviðtöl í Barnahúsi skiptast í skýrslutökur fyrir dómi annars vegar og könnunarviðtöl fyrir barnaverndarnefndir hins vegar. Rannsóknarviðtölum alls fækkaði úr 67 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 í 60 fyrir sama tímabil á árinu 2018, en þau voru 59 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016. Skýrslutökur fyrir dómi voru 26 á fyrstu þremur mánuðum áranna 2018 en 25 fyrir sama tímabil árin 2017 og 2016. Skýrslutökum vegna kynferðislegs ofbeldis fækkaði á árinu 2018 um eina miðað við árið á undan eða úr 15 í 14, en þær voru 8 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016. Frá því í mars 2015 hefur Barnahús einnig sinnt skýrslutökum og meðferð barna sem hafa upplifað líkamlegt ofbeldi og/eða heimilisofbeldi. Könnunarviðtölum fyrir barnaverndarnefndir fækkaði úr 42 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 í 34 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018, en þau voru 34 á sama tímabili á árinu 2016. Fjöldi barna sem fór í greiningar- og meðferðarviðtöl á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018 var 27, en þau voru 38 á sama tímabili árið á undan. Stúlkur voru í meirihluta þeirra barna sem komu í rannsóknarviðtöl öll árin.

Vistunum á neyðarvistun Stuðla fækkaði úr 62 í 54 á fyrstu þremur mánuðum ársin 2018 miðað við sama tímabil árið á undan. Vistunardögum fjölgaði úr 345 dögum í 378 daga, en vistunardagar á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016 voru 244. Alls komu 36 börn í neyðarvistun á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018, en 42 börn á sama tímabili á árinu 2017 og 37 börn á sama tímabili á árinu 2016.

Umsóknum um leyfi til að gerast fósturforeldrar fækkaði, voru 18 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2018, 20 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 og 17 á fyrstu þremur mánuðum ársins 2016.

Í eftirfarandi töflum má sjá sundurliðun á þessum samanburði.

# Tilkynningar til barnaverndarnefnda

## Fjöldi tilkynninga

| | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barnaverndarnefnd** | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnaverndarnefnd Reykjavíkur | 949 | 43,4 | 1.157 | 45,1 | 1.130 | 45,0 |
| Fjölskyldunefnd Seltjarnarness | 15 | 0,7 | 5 | 0,2 | 26 | 1,0 |
| Barnavernd Kópavogs | 167 | 7,6 | 207 | 8,1 | 207 | 8,2 |
| Fjölskylduráð Garðabæjar | 86 | 3,9 | 81 | 3,2 | 64 | 2,5 |
| Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar | 267 | 12,2 | 275 | 10,7 | 283 | 11,3 |
| Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar | 114 | 5,2 | 142 | 5,5 | 137 | 5,5 |
| Fjölskylduráð Grindavíkur | 17 | 0,8 | 20 | 0,8 | 6 | 0,2 |
| Fjölskyldu-og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga | 45 | 2,1 | 66 | 2,6 | 47 | 1,9 |
| Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar | 55 | 2,5 | 57 | 2,2 | 68 | 2,7 |
| Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar | 51 | 2,3 | 27 | 1,1 | 68 | 2,7 |
| Barnaverndarnefnd Borgarfjarðar og Dala | 29 | 1,3 | 40 | 1,6 | 23 | 0,9 |
| Félagsmála-og barnaverndarnefnd Snæfellinga | 27 | 1,2 | 18 | 0,7 | 8 | 0,3 |
| Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum | 35 | 1,6 | 42 | 1,6 | 32 | 1,3 |
| Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar | 2 | 0,1 | 1 | 0,0 | 9 | 0,4 |
| Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda | 13 | 0,6 | 8 | 0,3 | 5 | 0,2 |
| Félagsmálaráð A-Húnavatnssýslu | 11 | 0,5 | 14 | 0,5 | 11 | 0,4 |
| Barnaverndarnefnd Skagafjarðar | 7 | 0,3 | 11 | 0,4 | 3 | 0,1 |
| Barnaverndarnefnd Útey | 17 | 0,8 | 19 | 0,7 | 13 | 0,5 |
| Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar | 94 | 4,3 | 146 | 5,7 | 142 | 5,7 |
| Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga | 8 | 0,4 | 27 | 1,0 | 23 | 0,9 |
| Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar | 7 | 0,3 | 13 | 0,5 | 24 | 1,0 |
| Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar | 17 | 0,8 | 16 | 0,6 | 19 | 0,8 |
| Félagsmálanefnd Hornafjarðar[1] | 7 | 0,3 | 20 | 0,8 | - | - |
| Félagsmálanefnd Árborgar | 31 | 1,4 | 36 | 1,4 | 62 | 2,5 |
| Velferðarnefnd Árnesþings | 20 | 0,9 | 33 | 1,3 | 25 | 1,0 |
| Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu | 28 | 1,3 | 22 | 0,9 | 15 | 0,6 |
| Fjölsk-og tómstráð Vestmannaeyja | 66 | 3,0 | 64 | 2,5 | 61 | 2,4 |
| **Samtals** | **2.185** | **100,0** | **2.567** | **100,0** | **2.511** | **100,0** |

[1]Upplýsingar hafa ekki borist um fjölda tilkynninga frá Félagsmálanefnd Hornafjarðar fyrir árið 2018

## Fjöldi tilkynninga skipt eftir kynjum

| Kyn | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 1.174 | 53,7 | 1.473 | 57,4 | 1.354 | 53,9 |
| Stúlkur | 995 | 45,5 | 1.069 | 41,6 | 1.142 | 45,5 |
| Ekki vitað[1] | 16 | 0,7 | 25 | 1,0 | 15 | 0,6 |
| **Samtals** | **2.185** | **100,0** | **2.567** | **100,0** | **2.511** | **100,0** |

[1] Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi tilkynninga eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði[1] | 1.539 | 70,4 | 1.782 | 69,4 | 1.778 | 70,8 |
| Landsbyggð | 646 | 29,6 | 785 | 30,6 | 733 | 29,2 |
| **Samtals** | **2.185** | **100,0** | **2.567** | 100,0 | **2.511** | 100,0 |

[1]Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.



## Fjöldi barna sem tilkynnt var um[1]

| | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Barnaverndarnefnd** | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnaverndarnefnd Reykjavíkur | 751 | 40,7 | 845 | 41,1 | 805 | 40,6 |
| Fjölskyldunefnd Seltjarnarness | 15 | 0,8 | 5 | 0,2 | 26 | 1,3 |
| Barnavernd Kópavogs | 151 | 8,2 | 167 | 8,1 | 181 | 9,1 |
| Fjölskylduráð Garðabæjar | 71 | 3,8 | 71 | 3,5 | 55 | 2,8 |
| Barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar | 232 | 12,6 | 221 | 10,8 | 235 | 11,9 |
| Barnaverndarnefnd Reykjanesbæjar | 103 | 5,6 | 126 | 6,1 | 105 | 5,3 |
| Fjölskylduráð Grindavíkur | 15 | 0,8 | 18 | 0,9 | 6 | 0,3 |
| Fjölskyldu-og velferðarnefnd Sandgerðisbæjar, Garðs og Voga | 40 | 2,2 | 60 | 2,9 | 46 | 2,3 |
| Fjölskyldunefnd Mosfellsbæjar | 47 | 2,5 | 54 | 2,6 | 64 | 3,2 |
| Barnaverndarn. Akraneskaupstaðar | 45 | 2,4 | 26 | 1,3 | 54 | 2,7 |
| Barnaverndarn. Borgarf. og Dala | 25 | 1,4 | 36 | 1,8 | 22 | 1,1 |
| Félagsmála-og barnaverndarnefnd Snæfellinga | 27 | 1,5 | 18 | 0,9 | 8 | 0,4 |
| Barnaverndarnefnd á norðanverðum Vestfjörðum | 28 | 1,5 | 31 | 1,5 | 31 | 1,6 |
| Barnaverndarnefnd Vesturbyggðar og Tálknafjarðar | 2 | 0,1 | 1 | 0,0 | 9 | 0,5 |
| Barnaverndarnefnd Húnaþings vestra og Stranda | 13 | 0,7 | 8 | 0,4 | 5 | 0,2 |
| Félagsmálaráð A-Húnavatnssýslu | 11 | 0,6 | 12 | 0,6 | 11 | 0,6 |
| Barnaverndarnefnd Skagafjarðar | 7 | 0,4 | 10 | 0,5 | 3 | 0,1 |
| Barnaverndarnefnd Útey | 17 | 0,9 | 18 | 0,9 | 13 | 0,7 |
| Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar | 88 | 4,8 | 127 | 6,2 | 110 | 5,5 |
| Félags- og barnaverndarnefnd Þingeyinga | 6 | 0,3 | 23 | 1,1 | 19 | 1,0 |
| Félagsmálanefnd Fljótsdalshéraðs og Seyðisfjarðarkaupstaðar | 7 | 0,4 | 9 | 0,4 | 18 | 0,9 |
| Barnaverndarnefnd Fjarðabyggðar | 14 | 0,8 | 15 | 0,7 | 18 | 0,9 |
| Félagsmálanefnd Hornafjarðar[2] | 7 | 0,4 | 13 | 0,6 | - | - |
| Félagsmálanefnd Árborgar | 29 | 1,6 | 35 | 1,7 | 57 | 2,9 |
| Velferðarnefnd Árnesþings | 20 | 1,1 | 31 | 1,5 | 25 | 1,3 |
| Barnaverndarnefnd Rangárvalla- og V-Skaftafellssýslu | 28 | 1,5 | 22 | 1,1 | 14 | 0,7 |
| Fjölskyldu- og tómstundaráð Vestmannaeyja | 48 | 2,6 | 53 | 2,6 | 42 | 2,1 |
| **Samtals** | **1.847** | **100,0** | **2.055** | **100,0** | **1.982** | **100,0** |

[1] Tölur um fjölda barna sem tilkynnt var um eru fengnar þannig að fjöldi barna sem tilkynnt er um í hverjum mánuði fyrir sig er lagður saman. Tilkynningar geta borist um sama barnið á milli mánaða, þannig að hér er ekki alltaf um að ræða fjölda einstaklinga yfir ákveðið tímabil heldur, samanlagðan heildarfjölda barna í hverjum mánuði fyrir sig.

[2] Upplýsingar hafa ekki borist um fjölda tilkynninga frá Félagsmálanefnd Hornafjarðar fyrir árið 2018

## Fjöldi barna skipt eftir kynjum

| Kyn | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 982 | 53,1 | 1.181 | 57,5 | 1.070 | 54,0 |
| Stúlkur | 851 | 46,1 | 854 | 41,5 | 902 | 45,5 |
| Ekki vitað[1] | 14 | 0,8 | 20 | 1,0 | 10 | 0,5 |
| Samtals | **1.847** | **100,0** | **2.055** | **100,0** | **1.982** | **100,0** |

[1] Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Fjöldi barna sem tilkynnt var um eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Höfuðborgarsvæði[1] | 1.267 | 68,6 | 1.363 | 66,3 | 1.366 | 68,9 |
| Landsbyggð | 580 | 31,4 | 692 | 33,7 | 616 | 31,1 |
| **Samtals** | **1.847** | **100,0** | **2.055** | **100,0** | **1.982** | **100,0** |

[1] Höfuðborgarsvæðið tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Fjöldi barna þar sem mál var þegar til meðferðar (opið mál) eða ákveðið var að hefja könnun

| | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall[1]* | *Fjöldi* | *Hlutfall[1]* | *Fjöldi* | *Hlutfall[1]* |
| Fjöldi barna þar sem ákveðið var að hefja könnun, mál þegar í könnun eða meðferð (opið mál) | 1.417 | 76,1 | 1.480 | 72,0 | 1.476 | 74,5 |
| Drengir | 751 | 53,0 | 840 | 56,8 | 787 | 53,3 |
| Stúlkur | 654 | 46,2 | 625 | 42,2 | 680 | 46,1 |
| Ekki vitað[2] | 12 | 0,8 | 15 | 1,0 | 9 | 0,6 |
| Þar af nýjar kannanir | 759 | 40,7 | 775 | 37,7 | 708 | 35,7 |
| Drengir | 389 | 51,2 | 423 | 54,6 | 374 | 52,8 |
| Stúlkur | 362 | 47,7 | 340 | 43,9 | 331 | 46,8 |
| Ekki vitað[2] | 8 | 1,1 | 12 | 1,5 | 3 | 0,4 |

[1] Hlutfall af þeim börnum sem tilkynnt var um
[2] Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna

## Ástæður tilkynninga[1]

| Ástæður tilkynninga | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| **Vanræksla** | **833** | **38,1** | **1.012** | **39,4** | **1.049** | **41,8** |
| *Drengir* | *433* | *19,8* | *558* | *21,7* | *541* | *21,5* |
| *Stúlkur* | *400* | *18,3* | *454* | *17,7* | *508* | *20,2* |
| Líkamleg vanræksla | 64 | 2,9 | 55 | 2,1 | 52 | 2,1 |
| *Drengir* | *37* | *1,7* | *38* | *1,5* | *29* | *1,2* |
| *Stúlkur* | *27* | *1,2* | *17* | *0,7* | *23* | *0,9* |
| Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit | 649 | 29,7 | 840 | 32,7 | 862 | 34,3 |
| *Drengir* | *340* | *15,6* | *460* | *17,9* | *439* | *17,5* |
| *Stúlkur* | *309* | *14,1* | *380* | *14,8* | *423* | *16,8* |
| Þar af foreldrar í áfengis-og fíkniefnaneyslu | 218 | 10,0 | 298 | 11,6 | 345 | 13,7 |
| *Drengir* | *109* | *5,0* | *148* | *5,8* | *170* | *6,8* |
| *Stúlkur* | *109* | *5,0* | *150* | *5,8* | *175* | *7,0* |
| Vanræksla varðandi nám | 67 | 3,1 | 60 | 2,3 | 68 | 2,7 |
| *Drengir* | *33* | *1,5* | *30* | *1,2* | *40* | *1,6* |
| *Stúlkur* | *34* | *1,6* | *30* | *1,2* | *28* | *1,1* |
| Tilfinningaleg vanræksla | 88 | 4,0 | 92 | 3,6 | 84 | 3,3 |
| *Drengir* | *39* | *1,8* | *54* | *2,1* | *44* | *1,8* |
| *Stúlkur* | *49* | *2,2* | *38* | *1,5* | *40* | *1,6* |
| | | | | | | |
| **Ofbeldi** | **632** | **28,9** | **692** | **27,0** | **671** | **26,7** |
| *Drengir* | *303* | *13,9* | *342* | *13,3* | *319* | *12,7* |
| *Stúlkur* | *329* | *15,1* | *350* | *13,6* | *352* | *14,0* |
| Tilfinningalegt/sálrænt ofbeldi | 394 | 18,0 | 398 | 15,5 | 413 | 16,4 |
| *Drengir* | *186* | *8,5* | *209* | *8,1* | *203* | *8,1* |
| *Stúlkur* | *208* | *9,5* | *189* | *7,4* | *210* | *8,4* |
| þar af heimilisofbeldi | 176 | 8,1 | 193 | 7,5 | 199 | 7,9 |
| *Drengir* | *86* | *3,9* | *104* | *4,1* | *100* | *4,0* |
| *Stúlkur* | *90* | *4,1* | *89* | *3,5* | *99* | *3,9* |
| Líkamlegt ofbeldi | 139 | 6,4 | 195 | 7,6 | 138 | 5,5 |
| *Drengir* | *91* | *4,2* | *113* | *4,4* | *81* | *3,2* |
| *Stúlkur* | *48* | *2,2* | *82* | *3,2* | *57* | *2,3* |
| Kynferðislegt ofbeldi | 90 | 4,1 | 113 | 4,4 | 132 | 5,3 |
| *Drengir* | *23* | *1,1* | *27* | *1,1* | *40* | *1,6* |
| *Stúlkur* | *67* | *3,1* | *86* | *3,4* | *92* | *3,7* |
| | | | | | | |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Áhættuhegðun barna** | **700** | **32,0** | **837** | **32,6** | **774** | **30,8** |
| *Drengir* | *438* | *20,0* | 570 | 22,2 | 494 | 19,7 |
| *Stúlkur* | *262* | *12,0* | *267* | *10,4* | *280* | *11,2* |
| Neysla barns á vímuefnum | 126 | 5,8 | 122 | 4,8 | 154 | 6,1 |
| *Drengir* | *68* | *3,1* | *67* | *2,6* | *95* | *3,8* |
| *Stúlkur* | *58* | *2,7* | *55* | *2,1* | *59* | *2,3* |
| Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu | 245 | 11,2 | 336 | 13,1 | 305 | 12,1 |
| *Drengir* | *140* | *6,4* | *209* | *8,1* | *157* | *6,3* |
| *Stúlkur* | *105* | *4,8* | *127* | *4,9* | *148* | *5,9* |
| Afbrot barns | 167 | 7,6 | 181 | 7,1 | 129 | 5,1 |
| *Drengir* | *121* | *5,5* | *138* | *5,4* | *97* | *3,9* |
| *Stúlkur* | *46* | *2,1* | *43* | *1,7* | *32* | *1,3* |
| Barn beitir ofbeldi | 119 | 5,4 | 125 | 4,9 | 125 | 5,0 |
| *Drengir* | *90* | *4,1* | *110* | *4,3* | *109* | *4,3* |
| *Stúlkur* | *29* | *1,3* | *15* | *0,6* | *16* | *0,6* |
| Erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt | 72 | 3,3 | 95 | 3,7 | 90 | 3,6 |
| *Drengir* | *44* | *2,0* | *62* | *2,4* | *52* | *2,1* |
| *Stúlkur* | *28* | *1,3* | *33* | *1,3* | *38* | *1,5* |
| **Heilsa eða líf ófædds barns í hættu** | **20** | **0,9** | **26** | **1,0** | **17** | **0,7** |
| **Tilkynningar alls** | **2.185** | **100,0** | **2.567** | **100,0** | **2.511** | **100,0** |
| **Hversu oft var barn í yfirvofandi hættu**[2] | **138** | **100,0** | **78** | **100,0** | **65** | **100,0** |
| *Drengir* | *70* | *50,7* | 46 | 59,0 | 31 | 47,7 |
| *Stúlkur* | *68* | *49,3* | *29* | *37,2* | *33* | *50,8* |
| *Ekki vitað*[3] | *0* | *0,0* | *3* | *3,8* | *1* | *1,5* |

[1]Athugið að aðeins má merkja við eina aðalástæðu fyrir hverja tilkynningu. Hins vegar má merkja við fleiri undirástæður t.d. innan vanrækslu. Ef ein tilkynning berst um vanrækslu skal merkja við vanrækslu sem aðalflokk en merkja má t.d. við bæði líkamlega vanrækslu og tilfinningalega. Samanlagður fjöldi aðalflokkanna fjögurra stemmir því við fjölda tilkynninga en fjöldi innan hvers aðalflokks þarf ekki að stemma við heildartöluna.

[2]Að mati tilkynnanda

[3]Tilkynningar geta borist vegna ófæddra barna




## Tilkynnendur

| Tilkynnendur | **Fyrstu þrír mánuðir 2016** | | **Fyrstu þrír mánuðir 2017** | | **Fyrstu þrír mánuðir 2018** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Barnið sjálft | 14 | 0,6 | 18 | 0,7 | 20 | 0,8 |
| Ættingjar barns aðrir en foreldrar | 106 | 4,9 | 116 | 4,5 | 132 | 5,3 |
| Nágrannar | 168 | 7,7 | 138 | 5,4 | 174 | 6,9 |
| Önnur barnaverndarnefnd | 39 | 1,8 | 34 | 1,3 | 31 | 1,2 |
| Þjónustumiðst./starfsm.félagsþjónustu | 57 | 2,6 | 82 | 3,2 | 65 | 2,6 |
| Lögregla | 916 | 41,9 | 1.092 | 42,5 | 996 | 39,7 |
| Skóli, sérfræðiþj., fræðslu- eða skólaskr. | 308 | 14,1 | 439 | 17,1 | 392 | 15,6 |
| Leikskóli/gæsluforeldri | 70 | 3,2 | 64 | 2,5 | 65 | 2,6 |
| Læknir/heilsugæsla/sjúkrahús | 187 | 8,6 | 218 | 8,5 | 242 | 9,6 |
| Foreldrar barns | 163 | 7,5 | 170 | 6,6 | 207 | 8,2 |
| Aðrir | 157 | 7,2 | 196 | 7,6 | 187 | 7,5 |
| **Samtals** | **2.185** | **100,0** | **2.567** | **100,0** | **2.511** | **100,0** |

# Umsóknir um meðferð

## Tegund meðferðar

| Tegund meðferðar | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Stuðlar | 7 | 17,1 | 11 | 26,2 | 8 | 17,4 |
| Önnur meðferðarheimili* | 5 | 12,2 | 7 | 16,7 | 7 | 15,2 |
| MST | 29 | 70,7 | 24 | 57,1 | 31 | 67,4 |
| **Samtals** | **41** | **100,0** | **42** | **100,0** | **46** | **100,0** |

* Laugaland, Lækjarbakki og Háholt (Háholt lokaði um mitt ár 2017)

## Umsóknir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 13 | 31,7 | 17 | 40,5 | 15 | 32,6 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 16 | 39,0 | 10 | 23,8 | 19 | 41,3 |
| Landsbyggð | 12 | 29,3 | 15 | 35,7 | 12 | 26,1 |
| **Samtals** | **41** | **100,0** | **42** | **100,0** | **46** | **100,0** |

[1]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna

| Kyn | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 23 | 56,1 | 27 | 64,3 | 32 | 69,6 |
| Stúlkur | 18 | 43,9 | 15 | 35,7 | 14 | 30,4 |
| **Samtals** | **41** | **100,0** | **42** | **100,0** | **46** | **100,0** |

# Beiðnir um fósturheimili

## Tegund fósturs

| Tegund fósturs | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Tímabundið | 22 | 61,1 | 40 | 81,6 | 20 | 55,6 |
| Varanlegt | 9 | 25,0 | 6 | 12,3 | 11 | 30,6 |
| Styrkt | 5 | 13,9 | 3 | 6,1 | 5 | 13,9 |
| **Samtals** | **36** | **100,0** | **49** | **100.0** | **36** | **100,0** |

## Beiðnir eftir landsvæði

| Landsvæði | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík | 17 | 47,2 | 22 | 44,9 | 10 | 27,8 |
| Nágrenni Reykjavíkur[1] | 7 | 19,5 | 9 | 18,4 | 11 | 30,5 |
| Landsbyggð | 12 | 33,3 | 18 | 36,7 | 15 | 41,7 |
| **Samtals** | **36** | **100,0** | **49** | **100,0** | **36** | **100,0** |

[1]Nágrenni Reykjavíkur tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu nema Reykjavík: Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

## Kyn barna

| Kyn | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | | Fyrstu þrír mánuðir 2018 | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 21 | 58,3 | 30 | 61,2 | 16 | 44,4 |
| Stúlkur | 15 | 41,7 | 19 | 38,8 | 20 | 55,6 |
| **Samtals** | **36** | **100,0** | **49** | **100,0** | **36** | **100,0** |

# Þjónusta í Barnahúsi

## Þjónusta í Barnahúsi

| | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | Fyrstu þrír mánuðir 2018 |
|---|---|---|---|
| | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| Rannsóknarviðtöl | 59 | 67 | 60 |
| a. Skýrslutökur[1] | 25 | 25 | 26 |
| Vegna kynferðislegs ofbeldis | 8 | 15 | 14 |
| Vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi ofbeldis | 17 | 10 | 12 |
| b. Könnunarviðtöl | 34 | 42 | 34 |
| Þar af við vegalaus börn[2] | - | 5 | 0 |
| Greiningar- og meðferðarviðtöl | 44 | 38 | 27 |
| Læknisskoðanir | 1 | 1 | 4 |

[1] Skýrslutökur vegna líkamlegs- og heimilisofbeldi hófust í mars 2015. Til viðbótar nýtti lögreglan aðstöðu Barnahúss í einu tilviki á árinu 2017 til þess að taka skýrslu af barni.
[2] Skýrslutökur vegna vegalausra barna hófust á árinu 2016

## Kyn barna í Barnahúsi[1]

| **Kyn** | **Fyrstu þrír mánuðir 2016** | | **Fyrstu þrír mánuðir 2017** | | **Fyrstu þrír mánuðir 2018** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 26 | 44,1 | 24 | 35,8 | 25 | 41,7 |
| Stúlkur | 33 | 55,9 | 43 | 64,2 | 35 | 58,3 |
| **Samtals** | **59** | **100,0** | **67** | **100,0** | **60** | **100,0** |

[1] Kyn þeirra barna sem komu í skýrslutöku eða könnunarviðtal, sama barn getur komið bæði í skýrslutöku og könnunarviðtal innan tiltekins tíma.

# Neyðarvistun á Stuðlum

## Neyðarvistun á Stuðlum[1]

| | Fyrstu þrír mánuðir 2016 | Fyrstu þrír mánuðir 2017 | Fyrstu þrír mánuðir 2018 |
|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Fjöldi* | *Fjöldi* |
| Fjöldi vistana | 46 | 62 | 54 |
| Vistunardagar: 25. eða 31. gr.bvl. | 244 | 345 | 378 |
| Vistunardagar: Vistun á viðeigandi stofnun skv. 100. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 | 0 | 0 | 0 |
| Fjöldi einstaklinga | 37 | 42 | 36 |

## Kyn barna í neyðarvistun á Stuðlum

| **Kyn** | **Fyrstu þrír mánuðir 2016** | | **Fyrstu þrír mánuðir 2017** | | **Fyrstu þrír mánuðir 2018** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Drengir | 24 | 64,9 | 28 | 66,7 | 24 | 66,7 |
| Stúlkur | 13 | 35,1 | 14 | 33,3 | 12 | 33,3 |
| **Samtals** | **37** | **100,0** | **42** | **100,0** | **36** | **100,0** |

# Umsóknir um leyfi til að gerast fósturforeldrar

## Umsókn um leyfi til að gerast fósturforeldrar

| **Hvaðan koma umsóknir?** | **Fyrstu þrír mánuðir 2016** | | **Fyrstu þrír mánuðir 2017** | | **Fyrstu þrír mánuðir 2018** | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* | *Fjöldi* | *Hlutfall* |
| Reykjavík og nágrenni[1] | 9 | 52,9 | 9 | 45,0 | 9 | 50,0 |
| Vesturland | 2 | 11,8 | 1 | 5,0 | 1 | 5,6 |
| Vestfirðir | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 5,6 |
| Norðurland | 3 | 17,6 | 1 | 5,0 | 3 | 16,7 |
| Austurland | 1 | 5,9 | 1 | 5,0 | 1 | 5,6 |
| Suðurland | 2 | 11,8 | 4 | 20,0 | 2 | 11,1 |
| Reykjanes | 0 | 0,0 | 3 | 15,0 | 1 | 5,6 |
| Fólk búsett erlendis | 0 | 0,0 | 1 | 5,0 | 0 | 0,0 |
| **Samtals** | **17** | **100,0** | **20** | **100,0** | **18** | **100,0** |

[1]Reykjavík og nágrenni tilheyra öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavík, Hafnarfjörður, Garðabær, Kópavogur, Seltjarnarnes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.